

Ábyrg umsjón golfvalla

Yfirlýsing FEGGA af hálfu
starfsfólks á evrópskum golfvöllum

odpovědný responsible
zodpovedný responsable
responsable ábyrgt
verantwortlich odgovorne ОТГОВОРЕН
responsabile OTГОВОРЕН
odgovorne responsible
ansvarig OTГОВОРЕН
ansvarig golf responsável
vastutav ansvarlig
verantwortelijk felelős vastutav
vastuullinen odpovědný OTГОВОРЕН
responsable одговоран ábyrgt ansvarlig
ábyrgt odgovorno responsável
odговоран felelős zodpovedný
verantwortlich responsable
vastuullinen responsabile
ansvarig felelős vastuullinen



ÁBYRG UMSJÓN GOLFVALLA SNÝST UM AÐ ...

- ✓ halda álagi á grasplöntuna í skefjum, t.d. með slætti í heppilegri hæð, með vel brýndum blöðum, og góðri umferðarstjórnun.
- ✓ ákvarðað sannarlega hvenær illgresi, sýkingar og önnur álagseinkenni kalla á inngrip eða meðhöndlun.
- ✓ viðhaldsfrek grassvæði séu ekki óþarflega stór, að notaðar séu heppilegar grasategundir m.t.t. staðháttu og að önnur svæði fái viðeigandi meðhöndlun í þágu vistfræðilegs fjölbreytileika, náttúruverndarsjónarmiða o.s.frv.
- ✓ skilja betur líffræði grasplöntunnar og viðbrögð hennar við ytri áhrifum með söfnun gagna og útbreiðslu þeirra.
- ✓ halda skrá yfir allar viðhaldsaðgerðir, árangur af þeim og gera upplýsingarnar aðgengilegar almenningi.

INNGANGUR

Í Evrópu eru um 5.500 golfvöllir sem samtals þekja um 500 þúsund hektara. Þar af eru um 30% snöggslegin grassvæði (teigar, flatir, brautir önnur slegin svæði næst brautum). Önnur svæði innan vallarsvæðanna eru að miklu leyti óhirt, s.s. graslendi, mólendi, skógar, lækir, ár, vötn, strendur og votlendi.

Gras er leikyfirborð golfíþróttarinnar og meðhöndlun þess er lykilþáttur í þeirri einstöku vöru og upplifun sem golf er. Það leikur þannig aðalhlutverk í að vekja ánægju meðal notenda og framkalla, í víðara samhengi, gagnkvæman ávinning í þágu golfhreyfingarinnar og samfélagsins alls.

Golf er vettvangur heilsueflandi útivistar fyrir um 7,9 milljónir Evrópubúa. Golfhreyfingin leggur um fimmtán milljarða Evra til evrópska hagkerfisins, en innan hennar starfa um 150 þúsund manns í álfunni.¹

Umsjón með golfvallagrasi er mismunandi milli valla, en hún er háð loftslagi, jarðvegi og öðrum staðhættum ásamt væntingum kylfinga og fáanlegu fjármagni.

Vegna þeirrar þýðingar sem þessi viðhaldsfreku grassvæði hafa fyrir íþróttina, þá eru líkur á að einhverjar af þeim aðgerðum sem beitt er kunni að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

Í þessu skjali er fjallað um mikilvægi þess að hafa heildarsýn yfir stöðu greinarinnar og markvissa áætlun um lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa, auk þess að hvetja til ábyrga starfshátta í allri greininni allri.

¹ The Economic Impact of Golf on the Economy of Europe, Sports Marketing Surveys Inc. 2013.

24 AÐILDARFÉLÖG FEGGA hafa einsett sér að vinna í þágu ábyrgar og sjálfbærrar umsjónar golfvalla



SPÁNN



UNGVERJALAND



BELGÍA



ÍTALÍA



SVÍÐJÓÐ



NOREGUR



ÁBYRG UMSJÓN GOLFVALLA SNÝST UM að lágmarka ...

- ✓ ÚRGANGSLOSUN með því að draga úr, endurnýta og endurvinna sorp.
- ✓ ORKUNOTKUN með réttum, vel brýndum sláttutækjum og afnámi óþarfra sláttuadgerða.
- ✓ MENGUN með notkun öruggra og skilvirkra tækja sem fá reglubundna þjónustu og viðhald í samræmi við leiðbeiningar framleiðenda.



Belas Clube de Campo í Portugal.

FRAMTÍÐARSÝN

Evrópskir golfvallastjórar og starfsmenn hafa síðan 1996 þróað framtíðarsýn að settu marki um sjálfbæra umsjón golfvalla. Áhersla er lögð á hvatningu, fræðslu, aukid gegnsæi og upplýsingagjöf til almennings.



1

- Lágmarka auðlindanotkun.
- Lágmarka áhrif golfvallaumsjónar á plöntu- og dýralíf, beita viðeigandi mótvægisadgerðum og hvetja til vistfræðilegs fjölbreytileika með því að skapa, endurbæta eða styrkja búsvæði.
- Draga úr sorplosun með því að hvetja birgja til að draga úr umbúðanotkun, endurnýta þar sem hægt er, endurvinna þegar endurnýting er ekki möguleg og tryggja að öllu óendurvinnanlegu sorpi sé fargað á réttan hátt.
- Lágmarka mengun eða skaðleg áhrif á andrúmsloft, jarðveg og vatn af völdum tækja eða efna.
- Minnka, þar sem hægt er, þau svæði sem þarfnast umfangsmikils viðhalds.

2

- Rannsóknir.
- Fjármagna frekari rannsóknir á viðhaldsaðgerðum sem ekki krefjast efnanotkunar.
- Koma upp nýjum aðferðum til gæðamælinga.
- Fræðsluverkefni (svæðisnámskeið, ráðstefnur o.s.frv.).
- Styðja/hvetja til/innleiða GEO OnCourse® og GEO Certified®.
- Styðja/uppfæra/skrifa nýjar viðmiðanir um sjálfbærni.

3

- Gegnsæi gegnum GEO OnCourse® og/eða önnur vottunar- og handleiðsluferfi aðildarlanda.
- Hvetja til verkefna í þágu vitunarvakningar innan og utan golfhreyfingarinnar, út í samfélagið.

24 AÐILDARFÉLÖG FEGGA hafa einsett sér að vinna í þágu ábyrgrar og sjálfbærrar umsjónar golfvalla



AUSTURRÍKI



DANMÖRK



SVISS



PORTÚGAL



SLÓVAKÍA



SUÐUR-AFRÍKA



ÁBYRG UMSJÓN GOLFVALLA SNÝST UM ...

- ✓ BESTUN Í NÆRINGARGJÖF. Markmiðið er m.a. að fá slitsterkan og góðan svörð sem helst heilbrigður án óhóflegrar næringargjafar. Styðjast ber við vísindalegar mælingar og mat.
- ✓ BESTUN Í VÖKVUN. Skilvirk lágmarksvökvun byggð á vísindalegum mælingum/eftirliti. Vökvun krefst mikillar orku. Skrá notkun.
- ✓ VAXTARSKILYRÐI. Sólarljósi, loftflæði og jarðvegsraka vel stjórnað til að fá rétt umhverfi til vaxtar.
- ✓ JARÐVEG. Jarðveg á að meðhöndla rétt til að fá gott jafnvægi í uppbyggingu, innihald steinefna og næringarefna, rakastig og loftskipti. Mæla CO2-gildi.
- ✓ ÁBYRGA NOTKUN VARNAREFNA. Lágmarks notkun graseyðis, sveppalyfja og skordýraeyðis, bæði fyrirbyggjandi og til meðhöndlunar. Velja efni með minnst neikvæð umhverfisáhrif skv. leiðbeiningum.
- ✓ ÖRUGGA GEYMSLU, MEÐHÖNDLUN OG DREIFINGU VARNAREFNA. Vel þjálfaðir notendur með réttan, rétt stilltan búnað, vel við haldið og aðstöðu lögum samkvæmt.

EFTIRLIT

Stétt golfvallastjóra og starfsfólks er meðvitað um mikilvægi þess að bæta stöðugt gæði, upplýsingaöflun og þekkingu auk vitundar utan greinarinnar. FEGGA mun halda utan um framvindu innan þessara málaflokka á ársþingi sínu.

GÆÐI

Halda áfram að auka gæði, sem mæla skal með notkun skýrra, trúverðugra og viðurkenndra kvarða sem kveða á um að sýna þurfi fram á ágæti viðhaldsaðgerða og að frá þeim sé greint. FEGGA noti svæðisnámskeið, útgáfu, ársþing o.fl. til að segja frá og fá upplýsingar um framvindu.

UPPLÝSINGAÖFLUN

FEGGA nýti svæðisnámskeið, útgáfu, árlega ráðstefnu o.fl. til að upplýsa um notkun á viðurkenndum kerfum til skráningar og upplýsingagjafar um árangur á öllum sviðum golfvallaumsjónar, þ.m.t. þau sem snerta umhverfi okkar og samfélag.

ÞEKking & FRÆÐSLA

Hafa milligöngu um nýjar rannsóknir til að skilja betur áhrif loftslagsbreytinga á gras og þarfir íþróttarinnar.

Koma upp og innleiða viðurkennt og aðgengilegt endurmenntunarkerfi, sem m.a. heldur golfvallastarfsfólki upplýstu um þróun í greininni, löggjöf o.fl.

Halda utan um þarfir greinarinnar, m.a. með því að safna upplýsingum á svæðisnámskeiðum og ársþingi FEGGA, og greina frá þeim, m.a. í útgefnu efni.

ALMANNAVITUND & ÚTBREIÐSLA

Vinna stöðugt að eflingu vitundar um umhverfismál og viðurkenndar vinnuáferðir meðal umsjónarmanna golfvalla, viðskiptavina og samfélagsins alls. FEGGA safni saman dæmum um vel heppnaðar herferðir og segi frá þeim á viðburðum.

Halda áfram að fjármagna markaðsrannsóknir, m.a. á þeim ávinningi sem golf getur framkallað í þágu lýðheilsu og samfélags. Leita betri leiða til að koma upplýsingum út í samfélagið og til yfirvalda.

Fá góðan efnivið til kynningar frá vallarstjórum og golfvöllum, fjölga iðkendum og viðhalda þannig eftirspurn eftir vel þjálfuðu og áhugasömu vallarstarfsfólki.

24 AÐILDARFÉLÖG FEGGA hafa einsett sér að vinna í þágu ábyrgrar og sjálfbærrar umsjónar golfvalla



RÚSSLAND



TÉKKLAND



BRETLAND



FINNLAND



HOLLAND



ÍRLAND



EISTLAND



ÍSLAND



ÞÝSKALAND



SLÓVENÍA



BÚLGARÍA

Þetta er í fyrsta sinn sem fagfólk í grasrótarhreyfingu golfíþróttarinnar kemur sér saman um áætlun fyrir jafn þýðingarmikinn þátt í framtíð greinarinnar.

Ólafur Þór Ágústsson
Formaður FEGGA 2013-2017

Það er gífurlega hvetjandi að sjá vallarstjórageininna í Evrópu, gegnum FEGGA, hvetja til sjálfbærni í umsjón golfvalla. R&A hefur leitt þessa viðleitni, en eigi að síður er það aðeins beiting á viðurkenndum vinnuaðferðum af hálfu fagfólks sem annast vellina okkar, og gegnsæ skráning upplýsinga með kerfum eins og OnCourse®, sem mun sannfæra alla um að íþróttin geti framkallað efnahagslegan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning. Við hrósum FEGGA fyrir þessa yfirlýsingu og vonum að sambandið nái að framfylgja henni svo að við fáum að sjá sjálfbærni verða að veruleika.

Steve Isaac
Forstöðumaður sjálfbærnisviðs R&A í St. Andrews

Umsjón golfvalla er æ meira í brennidepli í Evrópu. Regluverk í kringum varnarefni og vatn hefur sívaxandi áhrif í mörgum löndum. Kostnaður við auðlindanotkun og aðföng er á uppleið og kylfingar vænta meiri gæða. Þessi kærkomna yfirlýsing, með stuðningi svo margra fulltrúa starfsfólks á golfvöllum, er til vitnis um þýðingarmikla skuldbindingu og áætlun sem mun hjálpa íþróttinni að takast á við þessar áskoranir, í nútíð og framtíð. Við erum mjög ánægð með að hafa átt þátt í gerð hennar.

Jonathan Smith
Framkvæmdastjóri GEO Foundation



FEGGA vinnur markvisst að sjálfbærni í umsjón golfvalla.

fegga.org